

Ár 2021, fimmtudaginn 5. ágúst er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Björgu Ástu Þórðardóttur og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 10/2021

Knattspyrnudeild ÍA

gegn

Knattspyrnudeild FH

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I

Kærandi:

Knattspyrnudeild ÍA, kt. kt. 500487-1279 Jaðarsbökkum 300 Akranes

Kærði:

Knattspyrnudeild FH, kt. 410687-1359 Kaplakrika 220 Hafnarfirði

Mál þetta er móttekið frá kæranda af skrifstofu KSÍ innan kærufrests þann 23. júlí sl. með tölvupósti. Dómari gaf kærða kost á að skila greinargerð sem kærði nýtti sér og sendi til skrifstofu KSÍ þann 16. júlí s.l.

II

Kröfur:

Kærandi ÍA gerir þá kröfu að leikur FH og ÍA í 8 liða úrslitum bikarkeppni KSÍ í 2. flokki kvenna verði leikinn að nýju. Til vara gerir félagið þá kröfu að framlenging fari fram eins og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót kveður á um ef jafnt er eftir venjulegan leiktíma og eftir atvikum vítaspyrnukeppni. Kærði fer fram á að kröfum kæranda verði að öllu leyti hafnað og að úrslit leiksins standi óhögguð.

III

Málavextir skv. kæru.

Sunnudaginn 11. júlí kl. 14 fór fram í Skessunni (heimavelli FH) leikur í 8 liða úrslitum bikarkeppni KSÍ í 2. flokki kvenna milli FH og ÍA. Eftir venjulegan leiktíma var staðan jöfn, ekki fór fram framlenging heldur fór þá fram vítaspyrnukeppni sem FH vann.

Þáttur dómara og aðstoðardómara hafði mikil áhrif á úrslit leiksins sem hér greinir: - Í stöðunni 1:0 fyrir ÍA þegar vel var liðið á fyrri hálfleik skoraði ÍA aftur sem virtist að öllu leyti löglegt mark enda gaf dómari leiksins það til kynna. Þegar FH ætlaði að hefja leik að nýju og boltinn var kominn á miðju vallarins hóf þjálfari FH hávært ákall um rangstöðu og þá fór dómari til aðstoðardómara

Eftir samræður þeirra á milli var dæmd rangstaða. Upptökurstyðja ekki þá ákvörðun dómarans. - Rétt fyrir leikslok í stöðunni 1:1 skorar ÍA mark eftir aukaspynu og dómariinn dæmdi mark. Hann var vel staðsettur. Þá bar svo við að aðstoðardómari 1 gaf merki með flaggi sínu og eftir samtal dómara og aðstoðardómara 1 var dæmd aukaspyna á ÍA. - Engir aðstoðardómarar voru forskráðir á leikskýrslu en á vef KSÍ má sjá að aðstoðardómarar leiksins voru Páll Ingi Jónasson, aðstoðardómari 1, og Jón Ásbjörnsson, aðstoðardómari 2. –

Það var forráðamönnum ÍA ljóst að aðstoðardómari 1 í leiknum var Þór Bæring Ólafsson en ekki Páll Ingi Jónasson. Þór Bæring er eftir skráum KSÍ ekki með dómara réttindi. Dóttir Þórs Bæring er í leikmannahóp FH í 2. flokki kvenna en sat meidd á varamannabekk í leiknum meðal skráðra varamanna. - Þegar aldur aðstoðardómara 2 er skoðaður kemur í ljós að Jón Ásbjörnsson er fæddur 1992 og því allt sem bendir til þess að hann hafi ekki verið á leiknum frekar en Páll Ingi Jónasson því að sá maður sem var aðstoðardómari 2 í leiknum var augljóslega mun eldri og fæddur vel fyrir 1992.

Lagarök:

i) grein 17.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót segir: „Kappleikur er því aðeins gildur, að farið sé eftir lögum og reglugerðum KSÍ.

ii) Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er kveðið svo á um að ef jafnt er eftir venjulegan leiktíma í bikarkeppni 2. flokks kvenna skuli fara fram framlenging sbr. grein 30.2.4. („Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.“)

iii) Í grein 19.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót segir: „KSÍ skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í eftirfarandi mótum: c. bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna frá 8 liða úrslitum.

iv) Í 2. málsg. í grein 19.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót segir: „Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum: a. Íslandsmóti og bikarkeppni 2. flokks.

IV

Málavextir skv. greinargerð hins kærða félags.

Sunnudaginn 11. júlí kl. 14 fór fram í Skessunni (heimavelli FH) leikur í 8 liða úrslitum bikarkeppni KSÍ í 2. flokki kvenna milli FH og ÍA. Eftir venjulegan leiktíma var staðan jöfn, ekki fór fram framlenging heldur fór þá fram vítaspyrnukeppni sem FH vann.

Þjálfarar beggja liða áttu samtalið fyrir leik þar sem ákveðið var að ef leikurinn færi í framlengingu þá væri farið beint í vítaspyrnukeppni, þar voru bæði lið sammála að sú leið væri farinn. Þegar sú staða kemur upp þá ákveður dómari að samþykkja það að sleppa framlengingu og fara beint í vítaspyrnukeppni. Engin mótmæli komu frá ÍA við þessar ákvarðanir enda þátttakendur í því að þessi leið var ákveðin og farinn. Ástæða fyrir þessum ákvörðunum þjálfara var ástanda og leikjaálag framundan. Varðandi skráningu dómara á leik þá urðu mistök við skráningu dómara, mistök sem átti að vera búið að leiðrétta fyrir leik en hefur greinilega misfarist. Félagið er ávallt að gera sitt besta varðandi það að fá hæfustu einstaklinga í verkefnið á hverjum tíma. Oft gengur erfiðlega að manna þessi verkefni og þurfti að breyta um dómara á leiknum en breytingar á skráningu misfórust. Varðandi dómgæslu þá er KSÍ dómari sem dæmir leikinn og tekur hann endanlega ákvarðanir er hana varða, félagið getur ekki borið ábyrgð á honum.

Lagarök og frekari röksemdir:

FH vísar til gr. 34.1 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót nr. 16 frá apríl 2021 þar sem kemur fram að öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks skulu borin fram við dómara fyrir leikinn af forráðamanni eða fyrirliða, ella hafi leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrot.

Auk þess er vísað til ákvæðis í 5. gr. er að finna ákvæði um dómara, m.a. um valdsvið og ákvarðanir hans.

Samkvæmt grein 34.1 þá þurfu mótmæli varðandi undirbúning leiksins að vera borin upp við dómara fyrir leik og það var ekki gert. Hefði verið hægt að óska eftir breytingu á aðstoðardómara þá þegar en það var ekki gert. Einnig voru það þjálfara liðanna sem að ákváðu þá fléttu sem farinn var varðandi það að sleppa framlengingu enda hefði þessi leið aldrei verið farinn nema með samþykki allra þar með talið dómara. Samkvæmt gr. 5.1 í knattspyrnulögunum er öllum leikjum stjórnað af dómara.

Kemur svo fram í gr. 5.2 að úrskurðir dómarans varðandi atvik leiksins, þ.m.t. hvort mark sé skorað eða ekki og úrslit leiksins, eru endanlegir. Ávallt beri að virða ákvarðanir dómarans og allra hinna í dómarateyminu.

Að lokum er áréttað að af hálfu hins kærða félags að hafna ber kröfum ÍA að öllu leyti.

V

Niðurstaða

Í máli þessu snýst ágreiningurinn um það hvort keppnislið sem taka þátt í knattspyrnumótum á vegum KSÍ geti samið sig undan skyldum reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót um framkvæmd knattspyrnuleikja. Eins og fram er komið í gögnum heldur kærði því fram að málsaðilar hafi verið ásáttir um það fyrir leik FH og ÍA í Bikarkeppni 2. flokks kvenna, sem fram fór þann 11. júlí s.l., að sleppa framlengingu og fara beint í vítaspyrnukeppni. Þetta virðist síðan hafa verið framkvæmt með vitund og vilja dómara leiksins. Kærandi tjáir sig ekki í kærú um hvernig að þessari vítaspyrnukeppni var staðið.

Aga- og úrskurðarnefnd telur að slíkt samkomulag hefði engu breytt með tilvísun í skýrt orðalag um bikarkeppni í ákvæði 30.2.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót sem er ófrávíkjanlegt. Þar segir að leika skuli til þrautar og sé jafnt að lokum venjulegs leiktíma skuli framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.

Með vísan til framanritaðs er því fallist á dómkröfu kæranda að leika leikinn að nýju. Byggir krafa kæranda á heimild í grein 11.1. a) í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál en þar kemur fram að nefndin geti úrskurðað leik ógildan, látið endurtaka hann eða dæmt um úrslit hans. Auk þessa hefur nefndin heimild til kveða sérstaklega á um hvernig agaviðurlög eru framkvæmd, sbr. 2. mgr. 7. greinar agareglugerðar FIFA (FIFA Disciplinary Code). Í samræmi við grein 23.2. eru agareglur FIFA ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál til fyllingar, eftir því sem við á.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar að endurtaka skuli leik ÍA og FH í Bikarkeppni 2. flokks kvenna að nýju með þeim hætti að hann hefjist eftir að venjulegum leiktíma hans lauk og frá upphafi framlengingar og verði þannig framkvæmdur samkvæmt fyrirnefndu ákvæði í grein 30.2.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Verði jafnt eftir framlengingu skal fara fram vítaspyrnukeppni.

Til stuðnings niðurstöðu sinni horfir aga- og úrskurðarnefnd m.a. til niðurstöðu aganefndar UEFA frá 8. apríl 2014 í máli nr. 29196-WU19-2014/2015 sem

byggir á samhljóma ákvæði í agareglugerð UEFA og er að finna í 2. mgr. 7. greinar agareglugerðar FIFA.

Úrskurðarorð:

Leikur FH og ÍA í Bikarkeppni 2. flokks sem fram fór 11. júlí 2021 skal endurtekinn með þeim hætti að hann hefjist þegar venjulegum leiktíma hans lauk og frá upphafi framlengingar.

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Gunnar Guðmundsson [sign]

Björg Ásta Þórðardóttir [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]